

A 1808/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um
þingmannatillögu
um samnorrænt faggildingarkerfi fyrir osteópata

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Noregs og Svíþjóðar

að þær beiti sér fyrir að starf osteópata verði löggilt starf í Noregi og Svíþjóð.

SkýringarNorrænt frelsi kynnti þingmannatillögu um *samnorrænt faggildingarkerfi fyrir osteópata* á þemaþinginu í Reykjavík 2018.

Fyrsta norræna ráðstefnan fyrir formenn samtaka osteópata í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku var haldin 11. janúar 2019. Tilgangur ráðstefnunnar var að efla samstarf Norðurlandanna, og á fundinum lét formaður heilbrigðisnefndar danska þjóðþingsins, Liselott Blixt, í ljós ósk um sameiginlegar reglur um osteópata á Norðurlöndunum til samræmis við núverandi fyrirkomulag fyrir hnykkklækna, tannlækna og aðra sérfræðinga á heilbrigðissviði.

Osteopatía er vísindagrein sem byggir á sviðum náttúruvísinda, svo sem líffærafræði, lífeðlisfræði, taugafræði, líftækni og meinafræði. Osteópatar beita ólíkri tækni til að stuðla að hreyfingu og liðkun liða, teygjuaðferðum og nuddi vöðva og bandvefs. Osteópati greinir, meðhöndlar og aðstoðar við að koma í veg fyrir vöðva- og liðvandamál í stoðkerfinu, svo sem bak-, mjaðma- og hálsvandamál, íþrótta- og álagsmeiðsl og höfuðverk.

Kosturinn við osteópata er hlutverk þeirra í heilbrigðiskerfinu, þar sem þeir vinna innan – eða samhliða – opinbera heilbrigðiskerfinu í því skyni að skapa áhrifaríka meðferð við stoðkerfisvanda, sem mun stytta biðlista eftir meðferð annars staðar í opinbera kerfinu – til dæmis hjá læknum. Rannsóknir hafa sýnt að osteópatar eru hagstæð viðbót á sviði heilbrigðismála.

Á alþjóðavettvangi er osteopatía viðurkennd sem sjálfstæð starfsgrein og er skilgreind sem slík af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni WHO í „WHO Benchmarks for training in Osteopathy“ (2010) sem og í „European Union’s Comité Européen de



Normalisation, Osteopathic Healthcare Provision”, CEN 16686-2015. Norræn félög osteópata eru virkir meðlimir í samevrópsku samtökunum, „European Federation and Forum for Osteopathy”, sem svo er meðlimur í alþjóðlegu samtökunum „Osteopathic International Alliance”.

Osteópatar lúta reglum í níu evrópskum löndum, þar á meðal þremur Norðurlandanna, Íslandi, Finnlandi og Danmörku, en ekki ennþá í Noregi og Svíþjóð. Norska félagið „Norsk Osteopatforbund“ sótti um löggildingu í norska heilbrigðismálaráðuneytinu í desember 2018. Finnland viðurkenndi „osteópata“ sem verndað starfsheiti árið 2005. Nýlega hlutu osteópatar í Danmörku lögformlega viðurkenningu sem sjálfstæð heilbrigðisstétt – en það var einróma samþykkt á danska þjóðþinginu í maí 2018.

Sameiginlegar norrænar reglur um osteópata munu auka öryggið við setningu staðla um menntun og starf og munu þar með tryggja að allir Norðurlandabúar fái aðgang að rétt menntuðum og áreiðanlegum osteópata. Sameiginlegar reglur munu einnig tryggja að menntaðir osteópatar geti starfað í hvaða ríki Norðurlanda sem er. Við hvetjum því Norðurlandaráð til að ýta á eftir innleiðingu faggildingarkerfis í Noregi og Svíþjóð og til að bæta við „Samning Norðurlandanna“ og láta hann ná til osteópata á Norðurlöndunum öllum.

Álit nefndarinnar

Norræna þekkingar- og menningarnefndin styður tillöguna um að starf osteópata verði löggilt starf í Noregi og Svíþjóð, á sama hátt og það er nú þegar í Danmörku, Finnlandi og á Íslandi. Í þeim löndum þar sem osteopatía er samþættur hluti heilbrigðiskerfisins eru betri forsendur til að stunda rannsóknir á sviðinu. Einnig er auðveldara fyrir osteópata að eiga í samstarfi við aðra heilbrigðisstarfsmenn þvert á starfsgreinar og tryggja mikla fagmennsku. Lögverndun starfsins í Noregi og Svíþjóð fæli fyrst um sinn í sér aukið öryggi sjúklinga og almennt aðgengi að þjónustu osteópata. Fyrir hvern osteópata fyrir sig fælu löggild starfsréttindi í sér sanngjarnari vinnumarkað og skýrari ramma að fara eftir að því er starfið varðaði. Auk þess yrði auðveldara að stunda vinnu í öðru norrænu ríki.

Samkvæmt Skandinavíska osteópataháskólanum í Gautaborg, sem býður upp á fjögurra ára nám til réttinda sem osteópati, er einnig unnið markvisst að lögverndun starfsins í Svíþjóð í samskiptum við sænsku félagsmálastofnunina. Í Noregi er einnig unnið að lögverndun starfsins. Það er því grundvöllur fyrir að Norðurlandaráð ýti eftir og beini tilmælum til ríkisstjórna Noregs og Svíþjóðar um að lögvernda starfið eins og t.d. starf kírópraktora og naprapata.

Í upphaflegu þingmannatillögunni kom fram að þörf væri á að *innleiða sameiginlegar reglur um osteópata*. Einnig var vísað til *Samnings um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna*, oft nefnt Arjeplogsamningurinn.

Arjeplogsamningurinn var endurskoðaður og undirritaður árið 2018 og mun ekki, að fullgildingu lokinni í öllum löndunum, skilgreina nánar hvaða starfsstétta hann nær



til. Megtintilgangur samningsins er að tryggja tilteknu heilbrigðisstarfsfólki frá Grænlandi og Færeyjum, sem ekki heyrir undir tilskipun ESB um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda, rétt til að starfa í öðrum norrænum löndum. Önnur lönd eru sem sagt bundin af ESB-tilskipuninni. Nefndin telur því ekki ástæðu til að beina tilmælum til ríkisstjórna þeirra um að Arjeplogsamningurinn taki til osteópata.

Helsingfors, 3. september 2019

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Aron Emilsson (SD)

Daniel Riazat (V)

Edmund Joensen (sb)

Erlend Wiborg (FrP)

Heidi Viljanen (sd)

Henrik Møller (S)

Jorodd Asphjell (A)

Jouni Ovaska (cent)

Lars Mejern Larsson (S)

Magnus Jacobsson (KD)

Marianne Synnes (H)

Mikko Kinnunen (cent)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Riikka Purra (saf)

Veronika Honkasalo (vänst)